



Sveitarfélagið Ölfus

FRAMKVÆMDALEYFI byggt á reglugerð nr. 772/2012.

Framkvæmdarleyfi fyrir efnistöku úr Þórustaðanámu, í Ölfusi. Framkvæmdaraðili er Fossvélar ehf.

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss hefur samþykkt umsókn frá Fossvélum ehf um leyfi til efnistöku úr Þórustaðanámu, í Ölfusi sem bæjarstjórn Ölfuss hefur staðfest. Framkvæmdarleyfið byggir á samþykktu umhverfismati fyrir efnistökuna og tekur til námu merkta E5 íaðalskipulagi Ölfus 2010-2022. Framkvæmdaleyfið með fylgigögnum er á heimasíðu Ölfuss, www.olfus.is.

1. Framkvæmdaleyfið er byggir á umhverfismati sem EFLA ehf hefur unnið dagsett 19.8.2020 og áliti Skipulagsstofnunar, dagsett 22. desember 2020 og umsókn Fossvéla ehf dagsett 18.3.2021.
2. Framkvæmdin sem framkvæmdaleyfið er veitt fyrir, skal samræmast samþykktum hönnunargögnum.
3. Verði brugðið út frá samþykktum hönnunargögnum við framkvæmdina, skal tilkynna það leyfisveitanda og einnig Skipulagsstofnun ef framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.
4. Framkvæmdaleyfið er gefið út til tveggja ára og gildir til gildir fyrir allt að 16,5 milljón rúmmetra magn af efni úr námunni eða til 20.05.2023, eftir því hvor markinu er náð fyrir.
5. Framkvæmdin nær yfir afmarkað svæði til efnisvinnslu, samkvæmt landfræðilegri afmörkun löðar í umhverfismati, valkostur B.

Fylgisjöl með umsókn:

1. Mat á umhverfisáhrifum, unnið af EFLU ehf, dags. 19. ágúst 2020.
2. Álit Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum, 22. desember 2020
3. Yfirlitsmynd af vinnslusvæði.
4. Vinnslu-, frágangs- og landmótunaráætlun, unnin af EFLU ehf dags. 30.3.2021
5. Viðbragðs- og öryggisáætlun, unnin af EFLU ehf dags. 30.3.2021
6. Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, gefið út 18.07.2018

Framkvæmdaleyfisgjald er í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins. Framkvæmdaleyfið er samþykkt með fyrirvara að framkvæmdaðilinn kosti úttekt óháðs aðila á umfangi efnistöku, einu sinni á ári í samráði við sveitarfélagið.

Framkvæmdaleyfi bæjarstjórnar Ölfuss er kæranlegt til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar í Morgunblaðinu sem birtist 21. maí 2021. Meðferð er samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

Þorlákshöfn þann 21. maí 2021

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss